

## D Ó M U R

Héraðsdóms Vesturlands 10. október 2012 í máli nr. S-83/2012:

### Ákærvaldið

*(Halla Bergþóra Björnsdóttir settur sýslumaður)*

**gegn**

**Mark Doninger**

*(Arnar Þór Stefánsson hrl.)*

Mál þetta höfðaði lögreglustjórinn á Akranesi með ákæru 9. maí 2011 á hendur ákærða, Mark Doninger, kt. ..., Hagaföt 11 á Akranesi. Málið var dómtekið 14. september 2012.

Í ákæruskjali segir að málið sé höfðað gegn ákærða fyrir eftirtalin brot:

I.

Fyrir líkamsárás á Akranesi, aðfararnótt sunnudagsins 22. maí 2011, á skemmtistaðnum Breiðinni að Bárugötu 15, með því að hafa kýlt Guðrínu Dögg Rúnarsdóttur, kt. ..., einu hnefahöggi með krepptum hnefa í andlitið á vinstri kjálkann þannig að hún féll niður á „poolborð“ sem hún sat á, og fyrir að hafa gert atögu að henni fyrir utan skemmtistaðinn stuttu síðar, með því að henda henni í götuna, rífa í hár hennar og ýta henni ítrekað niður er hún reyndi að reisa sig við, með þeim afleiðingum að hún hlaut mar og bólgu á kjálkabeini vinstra megin, mar og yfirborðsáverka á hné og fótlegg og tognun á ökkla.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 og 110. gr. laga nr. 82/1998.

II.

Fyrir líkamsárás á Akranesi, aðfararnótt sunnudagsins 30. október 2011, á heimili ákærða að Hagaföt 11, með því að hafa ráðist á Guðrínu Dögg Rúnarsdóttur, kt. ..., rífið í hár hennar, hrist hana og dregið hana á hárinu inn í svefnherbergi þar sem hann henti henni upp í rúm, settist ofan á hana og sló hana utan undir, tók um munn hennar og nef með þeim afleiðingum að hún átti erfitt með andadrátt og að því loknu skallað hana í andlitið þannig að enni hans lenti á munn hennar allt með þeim afleiðingum að hún hlaut yfirborðsáverka í andliti og á hálsi og að báðar varir hennar sprungu þannig að úr blæddi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981 og 110. gr. laga nr. 82/1998.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af refsikröfu ákæruvaldsins en til vara að honum verði gerð svo væg refsing sem lög frekast leyfa. Þá er þess krafist að bótakröfu verði vísað frá dómi en til vara að ákærði verði sýknaður af kröfunni. Loks er gerð sú krafa að sakarkostnaður verði felldur á ríkissjóð.

Um lið I. í ákæru segir ákærði að hann neiti því að hafa kýlt brotaþola inni á skemmtistaðnum Breiðinni. Hins vegar viðurkenni hann að hafa gert atlögu að henni fyrir utan skemmtistaðinn en neitar þó að hafa rífið í hár hennar. Hann viðurkenni að hafa einu sinni eða tvisvar ýtt henni í götuna. Að öðru leiti neiti hann sök. Um lið II. í ákæru segir ákærði að hann neiti sök.

I.

Aðfaranótt sunnudagsins 22. maí 2011 kl. 2:14 var óskað eftir aðstoð lögreglu að Jaðarsbraut 33 Akranesi þar sem brotaþoli var komin heim og kvaðst hafa orðið fyrir líkamsárás. Hún hafi verið að skemmta sér á Breiðunni ásamt vinum sínum og ákærða, sem hafi greitt henni högg í andlit, hún hafi hlaupið út en ákærði komið á eftir henni hent henni í götuna rífið í hár henni og ítrekað ýtt henni niður þegar hún hafi reynt að reisa sig við. Segir í skýrslunni að brotaþoli hafi verið rauð og bólgin í andliti og sagst hafa slasað sig í ökkla eftir að ákærði hefði hrint henni í götuna. Þá sagði að brotaþoli hafi ekki sagst vera viss um hvort hún vildi kæra ákærða fyrir líkamsárás.

*Brotapoli* kom síðan á lögreglustöðina á Akranesi hinn 24 maí 2011 og kærði ákærða fyrir líkamsárás sem hefði átt sér stað á efri hæðinni á Breiðinni kl. 2:14 aðfaranótt 22. maí. Þau ákærðu hefðu nýlega slitið sambandi. Hún hafi verið með ákærða á skemmtistaðnum og hafi hún setið á billiardborði að ræða við Geir Hannah þegar ákærði hafi komið hlaupandi að henni og kýlt á vinstri kjálka hennar með krepptum hnefa. Þetta hafi verið fast högg, algerlega að tilefnislausu og hafi hún fallið niður á billiardborðið eftir höggið. Hún hafi því næst forðað sér út og þegar hún hafi verið komin út ásamt Þórdísi Þráinsdóttur hafi ákærði komið aftan að henni og hrint henni í götuna. Hún hafi dottið á akbrautina og litlu munað að bifreið hafi ekið á hana. Hafi ákærði ítrekað ýtt henni í götuna þegar hún reyndi að standa upp. Hafi hann rífið í hár hennar þar sem hún lá í götunni en Þórdís, Gísli Þór Gíslason og Halldór Bjarki Ólafsson hefðu fjarlægt ákærða í burtu frá henni. Hún hafi því næst farið með Þórdís og leitað skjóls í bifreið og síðan verið ekið heim til sín. Brotapoli kvaðst hafa fengið áverka á kinnina við hnefahöggið og tognað á ökkla eftir fallið í götuna og gengið með hækjur í fjóra daga á eftir. Hún

hafi farið til skoðunar á Sjúkrahúsið á Akranesi daginn eftir vegna áverkavottorðs. Hún kvað ástæðu þess að hún hafi ekki lagt fram kærnu strax vera þá að hún hafi verið hrædd við ákærða og vorkennt honum. Hann hefði oft verið ofbeldisfullur í sinn garð og þá sérstaklega þegar hann var undir áhrifum áfengis. Hún hafi hætt sambandi við hann fyrir um einum og hálfum mánuði og frá því hafi hann verið að áreita hana og sagðist brotaþoli meðal annars hafa þurft að skipta um símanúmer.

*Þórdís Þöll Þráinsdóttir* sagði í símaskýrslu sinni hjá lögreglu hinn 23. janúar 2012 að hún hefði verið á skemmtistaðnum Breiðunni ásamt brotaþola umrætt skipti og þær verið á efri hæð. Þær hafi verið við „poolborðið“ og verið að ræða við strák að nafni Rögnvaldur Geir. Hafi ákærði komið brjáláður, sennilega vegna þess að brotaþoli var að ræða við Geir og kýlt brotaþola í andlitið. Brotaþoli, sem setið hafi uppi á borðinu hafi lent með andlitið á borðinu við höggið. Eftir þetta hefði komið að strákur sem hafi haldið ákærða. Hún og brotaþoli hafi farið út en ákærði hafi komið út skömmu síðar og ráðist á brotaþola og hent henni í götuna. Brotaþoli hefði ítrekað reynt að standa upp en ákærði ýtt henni jafnóðum aftur í götuna. Þórdís hafi reynt að stöðva ákærða en hann þá ýtt henni í götuna líka. Skömmu síðar hafi Halldór og Gísli Þór komið þar að og stöðvað ákærða. Þær brotaþoli hafi síðan farið af vettvangi í bifreið með þeim Halldóri, Gísla Þór og Lóu Guðrúnu. Aðspurð kvaðst hún telja að höggið hafi lent fyrir neðan auga og segir að um hnefahögg hafi verið að ræða.

*Rögnvaldur Geir Hannah* sagði í símaskýrslu sinni hjá lögreglu hinn 5. janúar 2012 að hann hefði verið á efri hæð á Breiðinni og hafi verið að ræða við brotaþola. Þau hafi staðið við billiardborð sem þarna er. Ákærði hafi síðan komið að á ferðinni og farið utan í brotaþola. Hann hafi ekki séð hvort hann hafi sett öxlina í hana eða kýlt hana. Hún hafi dottið á borðið við þetta. Hann hafi gripið utan um ákærða til þess að róa hann niður og sleppt honum er hann hafi verið orðinn rólegur og ákærði að því loknu farið út og Geir ekki séð hann meira þetta kvöld.

*Eggert Kári Karlsson* sagði í símaskýrslu sinni hjá lögreglu hinn 5. janúar 2012 að hann hafi verið á efri hæð Breiðinnar. Brotaþoli hafi verið að ræða við Rögnvald Geir og þau setið við billiardborð sem þarna er. Ákærði hafi reiðst við þetta og komið þar að og slegið Rögnvald Geir sem við það hafi lent utan í brotaþola og þau fallið á borðið. Einhverjir hafi síðan haldið ákærða en hann hefði náð að losa sig og hlaupið út á eftir brotaþola og þegar hann var kominn út hafi hann séð ákærða standa yfir brotaþola sem hafi legið á jörðinni og hafi ákærði verið að öskra á hana. Ákærði hafi síðan verið stoppaður af og brotaþoli hafi farið af vettvangi ásamt vinkonu sinni. Aðspurður kvaðst Eggert Kári halda að ákærði hafi slegið eða reynt að slá Rögnvald Geir og ekki muna eftir að sjá ákærða slá brotaþola. Hann hafi heldur ekki séð ákærða gera annað en öskra á brotaþola fyrir utan Breiðina.

*Gísli Þór Gíslason* sagði í skýrslu sinni hjá lögreglu hinn 5. janúar 2012 að hann hafi verið í bifreið ásamt Halldóri Bjarka vini sínum á bifreiðastæði á móts við HB Granda. Hafi hann séð er brotaþoli og Þórdís Þöll hafi komið út af Breiðinni og ákærði skömmu síðar og hafi hann skellt þeim harkalega niður í götuna. Hafi hann og Halldór Bjarki síðan farið þarna að og stöðvað ákærða og að því búnu hafi hann ekið brotaþola og Þórdísi Þöll heim.

*Halldór Bjarki Ólafsson* sagði í skýrslu inni hjá lögreglu hinn 25. janúar að hann hefði verið á bifreið föður síns og stöðvað skammt frá HB Granda. Hafi hann séð

Þórdísi Þöll og brotaþola koma út um horninnganginn á Breiðinni og ákærða skömmu síðar. Hafi verið greinilegt að þau væru að rífast. Ákærði hafi síðan rífið í brotaþola sem við það hafi fallið í götuna. Ákærði hafi síðan staðið yfir brotaþola og gert sig líklegan til þess að gera eitthvað meira. Hann hafi þá ákveðið að fara og aðstoða brotaþola og tekið ákærða til hliðar og rætt við hann. Brotaþoli og Þórdís Þöll hafi farið í bifreið hans og hann ekið þeim heim. Aðspurður kvaðst hann einungis hafa séð ákærða rífa brotaþola niður með þeim afleiðingum að hún féll í götuna.

*Lóa Guðrún Gísladóttir* sagði í skýrslu sinni hjá lögreglu 6. janúar 2012 að hún hafi verið í bifreið með Halldóri Bjarka og Gísla Þór á móts við HB Granda. Hún hafi bara séð að brotaþoli lá í jörðinni og ákærði hafi verið að öskra eitthvað á hana. Hún taldi sig hafa séð ákærða slá Þórdísi Þöll. Síðan hafi þeir Halldór Bjarki og Gísli Þór farið og stöðvað ákærða og að því loknu farið af vettvangi með brotaþola og Þórdísi Þöll.

Í skýrslutöku hjá lögreglu hinn 5. mars sl. kvaðst *ákærði* í fyrstu ekki reiðubúinn að tjá sig um málið en lýsti yfir sakleysi sínu. Aðspurður um framburð vitna kvaðst hann ekki reiðubúinn að svara og þyrfti tíma til að útvega vitni sem gætu sagt hvað gerst hefði. Aðspurður um framburð vitna sem borið hefðu að hann hefði elt brotaþola út af Breiðunni og hrint henni fyrir utan staðinn eða dregið hana niður í götuna og tosað í hár hennar í framhaldinu sagði ákærði að hann væri á því stigi ekki tilbúinn að svara neinu. Hann kvaðst ekki hafa heyrt um áverka sem greinir í áverkavottorði og ekki vera reiðubúinn að tjá sig um þá. Hann tók fram að hann og brotaþoli hefðu verið saman eftir þennan atburð og verið saman þar til skömmu fyrir skýrslutökuna og því vilji hann ekki ræða þetta.

Í áverkavottorði *Njáls Vikars Smárásonar* læknis segir að brotaþoli hafi komið til hans og sagst hafa orðið fyrir árás af hendi fyrrverandi kærasta þá nokkrum tímum áður. Við skoðun hafi hún verið í sjáanlegu uppnámi, hún hafi titrað og stutt hafi verið í grát. Hún hafi gengið án aðstoðar en haltrað og hlíft þannig vinstra fæti. Á höfði hafi mátt sjá ferskt mar yfir basis á kjálkabeini vinstra megin. Útlit áverka hafi samræmst ágætlega höggi með hnefa. Yfir áverkasvæði hafi verið bólga er teygt hafi sig upp að kinnbeini, en sjúklingur hafi ekki reynst vera hreyfiam þar yfir. Ekki hafi verið klíniskur grunur um áverka á kjálkalið né kjálkabrot. Skoðun á hrygg hafi verið án athugasemda og ekki merki um áverka þar. Aftur á móti hafi sést við skoðun á útlimum 10 x 6 cm, ferskt mar, framarlega á sköflungi. Einnig minniháttar marblettir á hægri sköflungi, er einnig hafi virst nýlegir. Sjúklingur hafi kvartað undan verkjum í ökkla en hafi getað hreyft ökkla við passífa hreyfingu. Væg þreifiefymsli og þroti yfir fremra talo-fibular liðbandi. Hún hafi staðið þyngd en getað illa gengið. Heila- og taugaskoðun hafi verið án athugasemda sem og útlæg taugaskoðun. Engar myndir hafi verið teknar af áverkum á slystofu. Segir síðan að læknirinn hafi greint mar og yfirborðsáverka á andliti, hné/fótlegg og tognun á ökkla.

II.

Sunnudaginn 11. desember sl. kom brotaþoli á lögreglustöðina á Akranesi og kærði ákærða fyrir líkamsárás sem átt hefði sér stað um miðnætti hinn 30. nóvember sl. að Hagaföt 11 þar í bæ. Hún kvaðst hafa verið að Hagaföt að horfa á bíómynd ásamt ákærða og þau hafi farið að rífast varðandi notkun á Facebook. Hafi ákærði

tryllst og stokkið á hana og rífið í hár henni og hrist hana til og sagði brotápoli að háræðar á hálsi hennar hafi sprungið. Nokkrir strákar hefðu séð þetta í gegnum glugga. Hún kvaðst hafa sagt við ákærða að hún ætlaði heim en þá hafi hann tekið í hárið á henni og dregið hana inn í svefnherbergi og hent henni upp í rúm. Hann hafi sest ofan á hana og slegið hana utan undir, tekið utan um munn hennar og nef og þrýst niður. Brotápoli kvaðst hafa misst andann og verið við það að kafna. Ákærði hefði þá tekið hendurnar frá og hafi skallað sig í andlitið. Hafi enni hans lent á munni hennar og við það hafi báðar varir hennar sprungið og blætt hafi úr þeim. Ákærði hefði því næst staðið upp og litið í spegilinn og séð tannafar á enni sér og við það hafi Þórður Þórðarson komið inn í svefnherbergið. Brotápoli hafi þá hlaupið út úr herberginu tekið dótið sitt og farið með Þórði sem hafi skutlað henni heim. Þórður hafi séð áverkann á henni og hún sagt honum hvað gerst hefði. Brotápoli kvað Zlatko, Teit, Fannar og Pál hafa séð upphafið að málinu en ekki líkamsárásina í svefnherberginu. Þeir hafi allir staðið við svefnherbergishurðina þegar brotápoli kom þaðan út. Þeir hefðu ekki komið henni til hjálpar meðan á árásinni stóð og taldi hún líklegt að þeir hefðu hringt í Þórð og beðið hann um að ganga í málið. Hún hafi ekki leitað til læknis eftir líkamsárásina og því liggi ekki fyrir áverkavottorð. Hún krafðist þess að ákærði yrði látinn svara til saka fyrir árásina og áskildi sér rétt til að leggja fram bótakröfu.

*Páll Sindri Einarsson* gaf skýrslu hjá lögreglu hinn 26. janúar 2012. Hann sagðist hafa verið á leið að Hagaflöt 11 ásamt þeim Zlakto, Fannari Frey og Teiti Pétri. Er þeir hafi verið staddir baka til við blokkina hafi þeir heyrt mikil læti og öskur og hann séð óljóst inn um gluggann að eitthvað var að gerast inni í íbúðinni sem er á annarri hæð. Hann hafi ekki séð það beint en gardínur hafi verið fyrir gluggunum, þetta hafi verið skuggar þeirra. Þeir hafi síðan farið inn í íbúðina og þá hafi ákærði og brotápoli verið komin inn í herbergi sem ákærði hafi til umráða og þeir heyrt öskur og læti koma þaðan. Hann hafi heyrt brotáþola segja á ensku að hún væri ekki að halda framhjá ákærða. Fannar Freyr hafi bankað á dyrnar og kallað eitthvað á þau en ekki fengið nein viðbrögð. Fannar hafi síðan hringt í Þórð sem komið hafi fljótlega á vettvang og farið inn í herbergi og stoppað þetta og síðan farið með brotáþola af vettvangi. Aðspurður sagði Páll að hann hefði ekki séð neina áverka á brotáþola en hún hafi verið grátin í framan og eldrauð en hún hafi sett hettu yfir höfuðið fljótlega eftir að hún kom út. Hann hafi séð að ákærði hafi verið klóraður á enni er hann kom út. Ákærði hafi verið rólegur og talað um að brotápoli hafi verið að slá hann. Hann hafi heyrt hljóð úr herberginu eins og einhver hafi verið að slá einhvern en ekki vitað hver sló hvern. Hann hafi ekki séð þegar þau fóru inn í herbergið og því ekki geta sagt til um hvort ákærði hefði dregið brotáþola á hárinu þangað.

*Teitur Pétursson* sagði í skýrslu sinni hjá lögreglu hinn 25. janúar sl. að hann hefði farið með félögum sínum að Hagaflöt 11 en þar búi ákærði, Zlakto Krickic og Fannar Freyr. Þeir hafi verið fyrir utan íbúðina og heyrt einhver læti inni í henni og því hlaupið inn. Þeir hafi ekkert séð þar sem millihurð hafi verið lokað. Er þeir hafi komið inn hafi ákærði og brotápoli verið komin inn í herbergi og þeir heyrt hávaða og öskur. Þeir hafi bankað á hurðina og spurt hvort ekki væri allt í lagi en engin svör fengið. Hann kvaðst hafa heyrt hljóð eða smell eins og einhver væri að slá einhvern. Þeir hafi ekki þorað að fara inn í herbergið og Fannar Freyr því hringt í Þórð Þórðarson þjálfara meistaraflokks ÍA og hafi hann komið skömmu síðar og farið inn í herbergið. Þórður hafi síðan farið með brotáþola út úr íbúðinni. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa séð neina áverka á brotáþola þar sem hann hafi

ekki séð framan í hana. Ákærði hafi síðan komið út úr herberginu u.þ.b. hálf tíma seinna og hafi Teitur séð að hann var með smá áverka á vör og einnig hafi honum sýnst hann vera með smá kúlu á enni. Ákærði hefði talað um að þau hefðu lent í hörku rifrildi en ekki tjáð sig nánar um það. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa þorað inn í herbergið þar sem þeir hafi verið smeykir við ákærða og þess vegna hringt í Þórð. Hann hafi ekki séð þau fara inn í herbergið og því ekki sagt til um hvort ákærði hefði dregið brotapolu á hárinu þangað.

*Fannar Freyr Gíslason* sagði í skýrslu sinni hjá lögreglu hinn 25. janúar sl. að hann hefði verið að koma heim til sín að Hagaföt 11 þar sem hann deili íbúð með ákærða og Zlakto Krickic ásamt kunningjum. Þeir hafi verið fyrir utan íbúðina og séð að ljós var í henni. Þeir hafi heyrt hávaða, þau hafi verið að öskra á hvort annað og þeir því ákveðið að fara inn til þess að athuga með þetta. Er þeir hafi komið inn hafi ákærði og brotapolu verið komin inn í herbergi og þeir heyrt öskur og læti koma þaðan. Einnig hafi hann heyrt hljóð, smellt eins og að ákærði hafi verið að slá hana. Þeir hafi ekki þorað að fara inn í herbergið og hann því hringt í Þórð Þórðarson þjálfara og hann komið nokkru síðar og farið inn í herbergið. Hann hafi síðan farið með brotapolu út úr íbúðinni. Aðspurður sagði hann að hann hefði ekki séð neina áverka á brotapolu þar sem hann hefði ekki séð framan í hana þar sem hún hafi lotið höfði það mikið. Hann hafi séð að ákærði var með roða í andlitinu en ekki muna nákvæmlega hvar í andlitinu og að hann hafi rætt við ákærða sem hafi sagt að brotapolu hafi skallað hann. Hann kvaðst ekki hafa þorað inn í herbergið og því hringt í Þórð. Ekki hafi hann séð þau fara inn í herbergið og því ekki geta sagt til um það hvort ákærði hafi dregið hana á hárinu þangað.

*Zlakto Krickic* sagði í skýrslu sinni hjá lögreglu hinn 20. febrúar sl. að hann hafi verið á leið að Hagaföt 11 ásamt þeim Páli Sindra, Fannari Frey og Teiti Pétri. Er þeir hafi verið staddir baka til við blokkina hafi þeir heyrt mikil læti og öskur en gluggarnir séu yfirleitt alltaf opnir. Þeir hafi séð skugga þeirra brotapolu og ákærða inni í íbúðinni sem er á annarri hæð en gardínur verið dregnar fyrir glugga. Hann hafi séð að þau hafi staðið andspænis hvort öðru og verið að öskra hvort á annað. Félagar hans hafi farið inn í íbúðina á undan honum en hann staðið þarna augnablik áður en hann hafi farið á eftir þeim. Hafi þeir þá allir verið í anddyri íbúðarinnar og síðan farið allir inn í íbúðina. Þegar hann hafi komið inn hafi brotapolu og ákærði verið komin inn í herbergi sem ákærði hefur. Þeir hafi heyrt öskur og læti koma þaðan og Fannar Freyr hafi bankað og beðið þau um að hætta en það ekki dugað. Loks hafi þeir hringt í Þórð Þórðarson sem hafi komið skömmu seinna og farið inn í herbergið og gengið á milli brotapolu og ákærða. Þeir hafi ekki séð inn í herbergið þegar Þórður opnaði. Þórður hafi síðan komið út úr herberginu með brotapolu sem hafi greinilega verið búin að gráta. Hún hafi síðan farið með Þórði úr íbúðinni. Ákærði hafi komið út en farið inn aftur og komið síðan aftur fram. Hann hafi sýnt sér seinna um nóttina að hann væri með sprungna vör og einnig hafi hann verið með kúlu á enninu. Ákærði hafi sagt honum að þau hefðu verið við drykkju og verið að ræða um fyrrverandi kærasta og það hafi endað með því að þau hafi farið að rífast. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa séð neina áverka á brotapolu en hún hafi verið grátin í framan. Hann hafi ekki átt nein orðaskipti við hana. Hann kvaðst ekki hafa séð inn um gluggann að ákærði hefði dregið hana á hárinu inn í herbergið en hélt að einhver af strákunum hefði talað um það en mundi ekki hver. Aðspurður um hvers vegna þeir hafi ekki farið inn til þess að ganga á milli þeirra sagði hann að þeir hefðu eiginlega ekki þorað því þar sem það hafi verið svo mikil læti. Einnig að ákærði hefði sennilega ekki hlustað á þá og sagt þeim að fara út á meðan hann

ræddi við brotþola.

*Þórður Þórðarson* sagði í skýrslu sinni hjá lögreglu hinn 25. janúar sl. að hann hefði fengið hringingu frá Fannari Frey sem hafi spurt hann ráða en ákærði og brotþoli væru inni í herbergi og sennilega að slást. Þórður hafi sagt honum að fara inn í herbergi og stöðva þetta en Fannar Freyr sagt honum að þeir þyrðu því ekki. Hafi hann því ákveðið að fara heim til ákærða, farið beint inn í herbergi. Þau hafi staðið í sitt hvoru horninu og hann skipað ákærða að fara út úr herberginu og sagt brotþola að fara í úlpuna þar sem hann ætlaði að aka henni heim. Þau hafi bæði verið með bólgna vör og ákærði auk þess með sprungna vör og kúlu á hausnum. Brotþoli hafi sagt honum á leið heim til hennar að þau hafi verið að rifast og í framhaldi af því hafi ákærði ráðist á hana. Aðspurður kvaðst hann ekki vita hvers vegna strákarnir þorðu ekki inn til þess að stöðva slagsmálin. Ákærði hafi sagt honum að hún hefði slegið sig líka.

*Brynja Kristbjörg Jósefsdóttir* móðir brotþola gaf skýrslu hjá lögreglu hinn 7. apríl sl. Hún kvaðst hafa verið heima hjá sér 30 október sl. er Þórður hafi komið heim með brotþola. Hún hafi verið grátandi, öll tætt, skyrta hennar hefði verið rifin. Hún hafi veitt því athygli að brotþoli var rauð á hálsi og hafi séð að um háráðaslit væri að ræða. Hún hafi síðan skoðað áverka brotþola betur og séð að hún hafi verið með lausar framtennur, spöng í framtönnum hafi verið sprungin og svo hafi vinstri kinn verið stokkbólgin. Aðspurð um frekari áverka sagði hún að blætt hafi úr tönnum og vörum brotþola, hún hafi verið marin og hár hennar hefði verið reytt. Hún hafi tekið teygju úr hári hennar og hárlubbi fylgt með. Hún kvað brotþola hafa sagt sér að ákærði hefði dregið hana á hárinu inn í herbergi og þar hafi hann haldið fyrir vit hennar og skallað hana. Þórður hafi sagt henni að strákarnir hafi hringt í hann þar sem þeir hafi ekki þorað inn í herbergi til þeirra ákærða og brotþola. Er Þórður hafi komið inn í herbergið hafi ákærði setið klofvega ofan á hálsi brotþola og Þórður rífið hann ofan af henni og farið út úr herberginu með brotþola en ákærði hafi þá elt þau ógnandi fram.

*Haukur Sigurður Gunnþórsson* sagði í skýrslu sinni hjá lögreglu hinn 7. apríl sl. að hann hafi verið heima hjá sér að Jaðarsbraut 33 er Þórður Þórðarson hafi komið heim með brotþola. Hún hafi verið í taugaáfalli, sýnt honum að hún væri með lausa framtönn, einnig hafi hár hennar verið mjög úfið. Hún hafi verið bólgin vinstra megin í andliti að hann minnti og með háráðaslit á hálsi, greinilega eftir einhver átök. Hún hafi sagt honum að ákærði hafi dregið hana á hárinu inn í herbergi og þar hafi hann reynt að kyrkja hana og skallað hana í andlitið. Brotþoli hafi verið haldin mjög illa andlega þegar hún kom heim. Aðspurður kvaðst hann ekki muna hvort hún hafi verið með áverka á vörum.

*Ákærði* sagði í skýrslu sinni hjá lögreglu hinn 5. mars 2012 að hann neitaði sakargiftum. Spurður um framburð Þórðar Þórðarsonar þar sem fram kemur að brotþoli hafi verið með bólgna vör sagði ákærði að hann hefði einnig verið með bólgna vör og það hefði brotnað úr tönn hjá honum. Einnig hafi hann verið með sár á nefi. Hann kvaðst ekki reiðubúinn að skýra sjálfstætt frá atvikum þar sem hann yrði að ráðfæra sig við verjanda sinn fyrst en vera reiðubúinn til þess eftir það. Væri ekki ólíklegt að hann legði fram kærnu á hendur brotþola í framhaldi af því. Hann vildi ekki tjá sig um þann framburð Páls Sindra, Teits og Fannars Freys að mikil læti hafi heyrst frá herbergi hans og líka hljóð eins og einhver væri að slá einhvern. Aðspurður um hvort hann hafi slegið brotþola í umrætt sinn kvaðst hann

ekki hafa gert það. Aðspurður um hvort hann hefði skallað hana svaraði hann því að það hefði hann ekki gert, hún hefði skallað hann og það hafi verið þá sem Þórður Þórðarson hafi komið inn. Spurður um hvort hann hafi haldið fyrir munn hennar og nef sagðist hann ekki hafa gert það, hann hafi sagt henni að hætta að veina þar sem hún væri að því án ástæðu. Þau hafi átt í deilum eins og svo oft áður. Hann kvaðst ekki hafa dregið hana á hárinu úr stofu íbúðarinnar og inn í svefnherbergi. Hann áréttaði að hann væri reiðubúinn að tjá sig um málið í smáatriðum þegar hann hefði rætt við verjanda sinn.

### *Skýrslur ákærða og vitna fyrir dómi.*

Ákærði sagði í skýrslu sinni fyrir dómi að hann hafi verið staddur á Breiðinni, litið yfir glerborð sem sé við sófa og séð brotþola vera að kyssa og faðma annan mann. Ákærði hafi ekki verið mjög ánægður með þetta og hafi gengið yfir til þeirra og reynt að slá manninn við glerborðið. Brotþoli hafi orðið mjög reið og farið út. Hann hafi síðan farið niður á eftir henni og viðurkenndi að hafa ýtt henni niður í götuna. Hann kvað enga möguleika á því að hann hefði kýlt brotþola í andlitið. Aðspurður um framburð vitna í lögregluskýrslum sagði ákærði að Guðrún væri vinkoma brotþola og að Geir Hannah hefði getað rekist utan í brotþola. Hann hafi ekki komið nálægt því að snerta hana eða slá hana. Er út var komið hafi þau rifist og ásakað hvort annað. Hann kvaðst hafa fundið til áfengisáhrifa og fengið sér nokkra drykki á klukkutíma. Spurður um áverkavottorð sagði ákærði að brotþoli hefði getað fengið áverka er hún hafi fallið á billiardborðið.

Um atvik að Hagafliót 11 sagði ákærði að þau brotþoli hafi setið í sófa og hefðu fengið sér drykki. Brotþoli hefði þó drukkið meira. Hún hafi verið í uppnámi. Hann hefði séð skeyti frá öðrum á Facebook síðu hennar en hún þá lokað fartölvu sinni og þau farið að rífast. Hann kvaðst hafa gripið í handlegg hennar á sófanum og beðið hana að segja sér sannleikann. Þau hafi verið farin að rífast mjög illilega og bíll komið að fullur af karlmönnum og stoppað fyrir utan íbúðina. Hafi þau farið inn í herbergi þannig að ekki sæist til þeirra. Þau hafi bæði staðið upp og ákærði ýtt á hana inn í herbergið. Þau hafi verið farið að hrópa og æpa á hvort annað og hún farin að gráta. Hún hafi slegið ákærða, þau hafi sest niður á rúmið og hrópað og kallað hvort á annað. Hún hafi reyna að slá ákærða með handleggjunum. Hann hafi þá sest ofan á hana og beðið hana að róa sig niður og hætta að æpa. Hún hafi haldið áfram að hrópa og hann beðið hana um að fara að þegja. Hún hefði fengið svona köst nokkrum sinnum áður. Hann hafi legið ofan á henni og ennþá hafi hún hrópað og svo hafi hún verið farin að reyna að klóra sig og slá og hann reynt að róa hana niður. Hann hafi lotið niður til þess að kyssa hana. Þá hafi hún lyft upp höfðinu og slegið hann á nefið. Hann hafi fengið áfall og haldið að þetta væri til þess að hún reyndi að losa hann ofan af sér. Þá hafi hann strax staðið upp og hefði verið brugðið. Þá hafi hann verið með blóðnasir og sprungnar varir. Hann hafi verið með mar öðrum megin á handleggnum. Hann hafi haldið um munn hennar og spurt hvern fjandann hún væri að gera. Þá hafi verið barið á hurðina og hann hafi farið til og þá hafi Doddi þjálfari verið kominn. Hann hafi sagt að brotþoli yrði að fara vegna þess að þau gætu ekki verið að rífast svona og ákærði kvaðst hafa verið sammála því. Hún hafi farið út og ákærði verið eftir í íbúðinni. Hann kvað hugsanlegt að hann hefði rifið í hár brotþola er þau stóðu upp úr sófanum áður en þau fóru inn í herbergi. Hann kvað það geta verið að hann hafi tekið fyrir munn

henni í eitt skipti vegna þess að hún hafi verið að æpa og að hún hefði fengið svona köst áður. Það hafi bara verið tvær manneskjur sem hafi getað róað hana niður úr þeim, annað hvort ákærði eða móðir hennar. Hann kvaðst hafa verið með kúlu á enni, blóðnasir og brotna tönn eða brot úr tönn og sár vinstra megin á andlitinu. Hann neitaði því að hafa skallað brotþola og að áverkar hans stöfuðu af því. Hann hefði verið búinn að drekka tvo eða þrjá bjóra en hún miklu meira. Hún hefði ekki drukkið áfengi í þrjá til fjóra mánuði en átt í miklum vandræðum með samband þeirra þegar hún hefði drukkið áfengi. Aðspurður um hvort það væri rétt skilið að hún hefði skallað hana sagði ákærði það gæti hafa verið að hún hefði lyft upp höfðinu þegar hann hafi ætlað að reyna að kyssa hana. Hann hafi reynt að trúa því. En þegar hann hugsar um það síðar þá hljóti hún að hafa ætlað sér að skalla hann. Það hafi farið brot úr tönn hans við þetta. Þá mótmælti ákærði því að hafa dregið brotþola inn í herbergi á hárinu en kvaðst hafa ýtt henni inn. Hann mótmælti því að hafa slegið hana þar sem hún lá í rúminu. Hann hafi einungis setið ofan á henni. Hendur hans hafi verið sitt hvorum megin við hana. Hann hafi reynt að halda henni niðri með hendurnar á öxlum hennar en ekki hrist hana með neinu ofbeldi. Um það hvort hann hafi hent henni upp í rúm segir ákærði að þau hafi sest á rúmið og hún þá slegið hann. Þá hafi hann sett hendurnar á axlirnar á henni og hún lagst niður og hann sest ofan á hana.

Ástarsamband þeirra hafi hafist í janúar 2011. Mestan tímann hafi þau verið saman en skilið svona einstaka sinnum einn eða tvo daga. Hún hafi nokkrum sinnum veitt honum líkamlega áverka fyrir utan þessi tilvik.

*Brotþoli*, skýrði svo frá að þau hafi verið inni á Breiðinni og verið að skemmta sér. Hún hafi setið ofan á poolborði og verið að tala við vin sinn. Þau hafi bæði verið að drekka og ákærði hafi séð þau vera að tala saman og komið að þeim. Hann hafi ráðist á Geir, kýlt brotþola, hún hafi fengið högg á andlitið og dottið niður í poolborðið. Svo hafi hún farið út með vinkonu sinni Þórdísi meðan hann hafi verið að ráðast á strákinn. Hann hafi komið á eftir þeim og hrint henni á jörðina þegar hún hafi verið að reyna að standa aftur upp og eins með vinkonu hennar, hún hafi eitthvað verið að reyna að stoppa hann og tosa í hann og þá hafi hann ýtt henni líka eitthvað við. Svo hafi komið einhverjir strákar og róað hann niður og hún farið inn í bíl hjá vini sínum og verið skutlað beint heim. Hún sagði aðspurð að ákærði hefði kýlt hana í andlitið og að hún hefði fengið mar og áverka á kinnbein. Mar og tognun á hné hafi stafað af því er hann réðist á hana fyrir utan. Hann hafi einnig kýlt Geir. Brotþoli kvaðst ekki viss um hvort ákærði kýldi hana fyrst, hún myndi bara að hún hefði fengið högg á andlitið eftir að ákærði hljóp að þeim og hún féll í borðið. Hún kvaðst ekki hafa verið búin að drekka mikið þetta kvöld.

Um atvik að Hugaflöt 11 sagði brotþoli að þau ákærði hefðu setið inni í stofu í sófa og hafi byrjað að rífast. Ákærði hefði misst stjórn á sér og byrjað að rífa í hárið á brotþola og hrista á henni hausinn. Hún hefði farið að gráta og hann dregið hana inn í herbergi á hárinu og ýtt inn í herbergið með valdi. Hann hafi hent henni á rúmið, sest ofan á hana og byrjað að öskra á hana að róa sig niður. Hafi hann haldið fyrir munninn á henni og slegið til hennar. Svo hafi hún heyrt strákana koma inn og hún hafi verið öskrandi og ákærði að segja henni að róa sig niður. Þá hafi Doddi þjálfarinn hans komið og farið með hana út. Hún kvað ákærða hafa slegið sig utan undir og hélt að hún hefði líka slegið til hans því hún hafi verið skíthrédd, grátandi

og í sjálfsvörn. Hún sagði aðspurð að hann hefði skallað sig. Hann hafi haldið fyrir vit hennar og hún hafi átt erfitt með andardrátt. Hún kvaðst hafa verið með sprungnar varir, blætt hafi úr nefi hennar og flísast hafi úr tönn. Hún hafi verið með æðaslit alveg niður á háls af því að ákærði hefði rífið í hár hennar. Spurð um tilefni þessarar árásar sagði brotaþoli að þau hafi verið að rífast og ákærði hefði misst stjórn á sér af því að hún hefði ekki viljað sýna honum eitthvað á netinu. Hann hafi viljað fara í tölvupóst hennar en hún neitað honum um það og þá hafi hann misst stjórn á sér. Þau hefðu bæði verið búin að fá sér í glas en ekki verið ölvuð. Hún kvað líðan sína líkamlega vera í lagi en hún hafi farið í viðtöl í kvennaathvarfið í marga mánuði eftir þetta. Það sé búið að hjálpa henni mikið að byggja sig upp. Henni var bent á að vitnin sem báru um atvik hjá lögreglu hafi ekki sagst hafa séð áverka á henni. Hún svaraði því til að þegar Doddi hafi komið og tekið sig út hafi hún labbað fram, tekið töskuna sína og rokið út. Þeir hafi séð hana mjög lítið eða ekki neitt, bara staðið þarna stjarfir. Hárið á henni hafi allt verið fyrir andlitinu á henni og hún verið rosalega reytt. Aðspurð sagði brotaþoli að ákærði hefði setið ofan á henni og þau hafi skallast á og hafi hún haldið að hann hefði gert það viljandi. Þau hafi mæst, tönnin á henni hafi farið í höfuð honum, þess vegna hafi hann fengið kúlu. Eða ennið á honum farið í tönn á henni. Hún kvaðst ekki vita hvernig hefði getað flísast úr tönninni hjá honum. Það hafi flísast úr tönn á henni og það verið lagað. Hún kvaðst ekki hafa farið á slysadeild heldur beint heim. Hún hafði enga sérstaka skýringu á því hvers vegna hún hefði ekki farið á slysadeild.

*Vitnið Þórdís Þöll Þráinsdóttir*, kvaðst hafa verið stödd á Breiðinni umrætt kvöld og verið stödd við „poolborðið“ og brotaþoli setið á því. Brotaþoli hafi verið að tala við Geir Hannah. Hún hafi orðið vör við ákærða þegar hann hafi komið reiður og kýlt í brotaþola. Hún hafi dottið niður í „poolborðið“. Hann hafi farið að eiga eitthvað við Geir en vitnið hafi ekki orðið mikið vör við það. Hún hafi tekið Guðrúnu og hlaupið með hana niður og út. Þá hafi ákærði komið á eftir þeim og hent brotaþola í jörðina og ýtt henni ítrekað niður þegar hún hafi reynt að standa upp. Vitnið hafi reynt að tosa brotaþola upp en ákærði þá tekið veski vitnisins og hent í burtu og síðan hent vitninu til jarðar. Þá hafi einhverjir strákar komið og tekið hann frá en þær hlaupið inn í bíl og verið skutlað heim. Um það hvort ákærði hefði slegið Geir frekar en brotaþola sagði vitnið að hún hefði bara séð ákærða koma og kýla brotaþola í andlitið. Hún kvaðst ekkert vita um hvort ákærði sló Geir eða hvað hann gerði við Geir. Þarna hafi verið töluvert af fólki og þau setið nokkur í horninu og verið að spjalla.

*Vitnið Rögnvaldur Geir Hannah*, skýrði frá því að hann hefði staðið við „poolborðið“ og verið eitthvað að spjalla við brotaþola. Þá hafi ákærði komið á nokkrum hraða aftan að sér vinstra megin vitnið beygt sig niður til hægri og taldi vitnið að ákærði hefði með einhverjum hætti farið í brotaþola eins og hann orðaði það og hafi vitnið séð að brotaþoli lá á „poolborðinu“. Vitnið hafi tekið utan um ákærða þar til hann hafi róast niður. Hann kvaðst ekki hafa séð ákærða kýla brotaþola, þetta hafi komið svo fljótt. Ekki hafi hann fundið fyrir því að ákærði kýldi hann.

*Vitnið Eggert Kári Karlsson*, kvaðst hafa verið uppi á Breiðinni og Geir og brotaþoli verið að tala saman. Þau hafi setið uppi á „poolborði“. Vitnið hefði séð út undan sér að ákærði hefði komið aftan að þeim og slegið til Geirs við það hafi brotaþoli dottið og síðan hafi Geir tekið ákærða og haldið honum og brotaþoli hlaupið út á meðan. Vitnið hafi hlaupið út á eftir brotaþola en þá hafi ákærði hrint henni í jörðina og verið að öskra eitthvað á hana. Vitnið sagði aðspurt sér hefði sýnst ákærði slá til Geirs. Hann hefði ekki séð ákærða kýla brotaþola. Hann hefði séð ákærða ráðast að brotaþola fyrir utan skemmtistaðinn, hann hefði ýtt henni og við það hafi hún dottið í jörðina. Nánar aðspurður sagði vitnið að ákærði hefði kýlt Geir í öxlina. Hann hefði komið aftan að Geir. Ekki vissi vitnið hvort ákærði hefði kýlt til Geirs með krepptum hnefa.

*Vitnið Gísli Þór Gíslason*, sagði frá atvikum 22. maí 2011 og kvaðst hafa verið að ná í

systur sína og kærasta hennar. Þeir hafi beðið fyrir utan Breiðina. Þá hafi hann séð brotaþola og Þórdísi labba út á eftir henni. Hafi ákærði þá komið og ýtt brotaþola í jörðina eða hrint henni mjög harkalega. Þá hafi Þórdís ætlað að hjálpa brotaþola eitthvað en ákærði þá ýtt henni í jörðina og síðan hafi hann byrjað eitthvað að rífa í hárið á brotaþola og verið eitthvað að öskra og svona. Þá hafi þeir farið út og stoppað þetta. Þegar vitnið hafi tekið af henni hafi ákærði ætlað að kýla vitnið en ekki tekist það því hann hafi verið alveg ofurölvi. Þá hafi vinur vitnisins komið og tekið ákærða og haldið honum. Og þeir hafi skutlað stúlkunum heim.

*Vitnið Halldór Bjarki Ólafsson* sagði að þeir hafi verið á bíl að sækja systur vinar hans og kærasta hennar. Þeir hafi verið staddir svona 5-10 metra frá Breiðinni, og beðið eftir að hún kæmi út. Þá hafi brotaþoli komið út um hornhurðina á Breiðinni, og ákærði á eftir henni og hún verið komin út á miðja götu þegar hann hafi rifið í hana og snúið henni við og þau átt einhver orðaskipti. Það hafi endað með því að hann hafi hent henni í jörðina og gert sig líklegan til þess að leggja hendur á hana. Þá hafi þeir stigið út úr bílnum og stoppað hana. Vinur vitnisins hafi hent ákærða frá og þá hafi ákærði ætlað að fara að honum en vitnið kvaðst hafa tekið ákærða. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða taka brotaþola niður. Hann hafi hent henni niður í jörðina með valdi. Hann hafi staðið yfir henni og hún ekkert að fara að standa upp frá honum.

*Vitnið Brynja Kristbjörg Jósefsdóttir*, móðir brotaþola sagði að milli eitt og hálf tvö

aðfaranótt 30. október sl. hafi Þórður Þórðarson komið með brotaþola heim frá heimili ákærða. Brotaþoli hafi verið í áfalli og illa til reika með brotið úr tönn og sprungna vör. Hún hafi verið með dílablæðingar þ. e. húðblæðingar grunnar um háls og upp á höku. Hún kvað Þórð hafa sagt sér að strákarnir sem hafi verið þarna inni hafi hringt í sig og beðið hann um að koma inn af því að þeir þyrðu ekki inn í herbergi til ákærða. Spurð um hár brotaþola sagði vitnið að hún hefði verið öll

reytt. Hár hennar hefði verið út um allt og greiðsla öll úr lagi færð og ysta flík hennar hefði verið rifin. Seinna um nóttina hefði vitnið farið að taka úr hárinu á henni og þá komið stór lufsa með sem skilið hafi eftir sig smá skalla. Nánar aðspurð sagði vitnið að brotþoli hafði sagt um skipti þeirra ákærða að það hefði verið eitthvað í sambandi við Facebook. Einhver orðaskipti hefðu orðið til þess að ákærði varð reiður og hafi byrjað að tosa í hárið á henni. Hvort hún hafi verið að tala við annan strák eða eitthvað þess háttar en þau hafi ekki verið saman á þessum tíma. Vitið sagði brotþola hafa sagt að ákærði hafi dregið hana á hárinu inn í herbergi og hún slegið frá sér. Þar hafi hann hrint henni eða ýtt henni niður á rúmið og farið yfir hana. Sest klofvega yfir hana og skallað hana. Og sem sagt kýlt hana og aðallega þrengt að hálsinum, hún hafi talað mest um það að hún hafi ekki náð andanum. Henni hafi sortnað fyrir augum.

Aðspurð um hvers vegna brotþoli fór ekki á slysadeild sagði vitnið að lögfræðingur sem þau hafi verið með hafi tjáð þeim þegar hún hafi hringt í hana á mánudagsmorgun að það þyrfti ekki fleiri áverkavottorð. Andlegt ástand brotþola eftir þetta sé mjög slæmt og hún sé búin að vera í meðferð og viðtölum og hún get ekki ennþá sofð vel. Hún sé ennþá með svona kvíðaröskun eftir þetta. Brotþoli og ákærði hafi verið búin að slíta sambandi sínu er hún fór til hans umrætt sinn.

Um atvik 22. maí 2011 sagði vitnið að er brotþoli kom heim hafi hún ekki getað stigið í annan fótinn og verð lurkuð og í áfalli. Hún hafi verið rosalega reið yfir því að ákærði hefði komið svona fram við sig. Hún hafi sagt um áverka á fæti að ákærði hefði hrint sér og ýtt ítrekað niður í götuna. Hún hafi snúið sig illa á ökkla við það. Hún hafi verið með stórt mar á kinnbeini. Vitnið kvaðst hafa hringt í lögreglu og farið með brotþola á læknavaktina strax um morguninn. Hún sagði að önnur framtönn brotþola hafi verið laus og brotið hafi verið upp úr henni.

*Vitnið Haukur Sigurður Ingibjargarson, stjúpfaðir brotþola sagði um atvik 22. maí 2011 að brotþoli hafi verið í hálfgerðu áfalli eftir þetta. Hún hafi verið rispuð og illa til fara þegar hún kom heim. Og í áfalli. Hún hafi verið með áverka á fæti en að öðru leyti kvaðst vitnið ekki muna mikið eftir atvikum vegna þess að mestur tíminn hafi farið í að hugga brotþola.*

Um atvik 30. október sagði vitnið að þjálfari ÍA hafi komið heim með brotþola. Hún hafi verið í mjög slæmu ástandi, í áfalli titrað öll og skolfið og grátið og litið mjög illa út. Hún hafi verið með mjög sýnilega áverka, sprungnar varir og flísast hefði upp úr tönn hjá henni. Þetta hafi þau móðir hennar skoðað mjög vel. Á hálsi hennar hafi verið dílar eins og það hafði orðið einhver þarna á hálsinum og handleggnum. Hún hafi verið öll rifin og tætt eftir þetta. Þetta hafi ekki verið fallett. Brotþoli hafi sagt að hún hefði farið til ákærða í þeim tilgangi að ræða við hann og að þau hafi ætlað að reyna að skilja í góðu og hafa þetta svona á góðu nótunum. Hún hafi farið til hans skildist vitninu að horfa á sjónvarpið og eiga svona einhverja kvöldstund því honum liði eitthvað illa. Síðan hafi hann dregið hana á hárinu inn í herbergi til að athafna sig þar í friði með hana og sest þar yfir hana, skallað hana og kýlt hana.

*Vitnið Fannar Freyr Gíslason*, skýrði frá því að sunnudaginn 30. október sl. hefðu hann og fleiri verið fyrir utan Hagaföt 11. Þeir hafi séð einhverja skugga í stofunni og einhver læti, heyrð einhver öskur. Þannig að þeir hafi litið allir hver á annan og verið hissa og hikandi. Svo hafi þeir ákveðið að fara inn, farið upp stigann og síðan inn í íbúðina. Þeir hafi heyrð að ákærði hafi tekið brotþola með sér inn í herbergið sitt. En þeir hafi alltaf heyrð öskrin og lætin og síðan hafi þeir ætlað að fara heim. Það hafi verið öskur og læti og vitnið hafi reynt að öskra á ákærða og segja honum að hætta þessu því hún hafi öskrað alveg þó nokkuð. Hann hafi reynt að banka á hurðina en ekkert gerst. Hann hafi búist við að hurðin væri læst og svo hafi hann hringt í Þórð Þórðarson þjálfara og sagt honum að það væru einhver læti þarna heima og svo hafi hann komið stuttu seinna. Hann hafi farið inn í herbergi og tekið þau í sundur.

Vitnið kvaðst hafa heyrð einhvern smell þegar hann var inni í húsinu. Spurður um áverka á brotþola sagði vitnið að þegar hún hafi komið út úr herberginu hafi hún verið með hausinn svona niðri þannig að vitnið hafi ekki séð neitt. Hann hafi ekki séð framan í brotþola. Ákærði hafi verið með bólgna vör. Ekki sá vitnið hvort ákærði dró brotþola á hárinu inn í herbergi. Vitnið var allsgáð og var að koma frá vörutalningu. Hann sagði aðspurður að ákærði hefði verið með roða í andliti auk bólginnar varar. Ákærði hefði sagt þeim að brotþoli hefði skallað sig. Ákærði hefði sagt að þetta hafi bara verið venjulegt. Bara eins og ekkert hafi í skorist. Vitnið sem bjó með ákærða í íbúð sagði að það hefði alltaf verið vesen á milli þeirra. Hann kvaðst hafa heyrð brotþola öskra inni í herbergi og heyrð hana hrópa „stop it – stop it“. Þeir hafi verið fjórir þarna frammi og allir frosið. Vitnið hafi síðan hringt í Þórð Þórðarson.

*Vitnið Páll Sindri Einarsson* sagði um atvik 30. október að Hagaföt 11, að hann hefði verið að vinna við vörutalningu í versluninni Krónunni umrætt kvöld. Hann ásamt félögum sínum hefðu, er þeir nálgust blokkina, séð skugga í gegnum gluggatjöld, skuggann af ákærða og brotþola. Er þeir hafi komið inn í íbúðina hafi þau verið komin inn í herbergi, vitnið heyrði að þau rifust öskruðu á hvort annað eins og vitnið orðaði það. Hann hefði verið að saka hana um að vera með öðrum strákum en vitninu var ekki ljóst hverju hún svaraði. Honum fannst hann heyra hljóð eins og slegið væri saman og vitnið sló saman lófum til þess að sýna hvernig hljóðið var sem hann taldi sig heyra. Og er brotþoli kom út þá hafi hún verið útgrátin en vitnið sá ekki hvort hún hefði áverka eða ekki. Hann sagði að ákærði hefði verið klóraður í andliti við gagnauga af því að vitnið taldi en var þó ekki alveg viss um hvort það var á gagnauga eða enni eða annars staðar. Ekki varð vitnið vart við að hann hafi verið með meiðsli á nefi eða vörum. Vitnið var spurt um hvers vegna þeir hafi ekki hringt í lögregluna. Sagði vitnið að þeir hefðu hringt í Dodda sem er þjálfari meistaraflokks ÍA en þeir hefðu ekki þorað að fara inn í herbergið. Vitnið hefði heyrð að ákærði væri ofbeldisfullur en persónulega þekkti hann ákærða ekki mikið. Honum hafi sýnst inn um gluggann eins og þau væru að hrísta hvort annað. Hann hafi ekki séð ákærða draga brotþola á hárinu. Hann hafi séð framan í hana er hún kom út úr herberginu og hafi hún verið grátin og rauð í framan. Hann sagði að ákærði hefði sagt að hún hefði slegið sig og klórað.

*Vitnið Teitur Pétursson* sagði að þeir hann ásamt félögum sínum hefðu verið þarna fyrir utan íbúðina og heyrt einhver læti í glugganum og farið upp stigann. Þetta sé á annarri hæð. Þeir hafi farið inn og millihurðinni hafi verið hallað aftur. Þeir hafi ekki séð neitt í rauninni og þegar þeir hafi komið inn í íbúðina hafi ákærði og brotþoli verið komin inn í herbergi. Þaðan hafi þeir heyrt einhver læti og einhver hljóð. Vitnið kveðst hafa frosið og ekki vitað hvað hann ætti að gera. Félagi hans vitnið Fannar hafi farið að banka á hurðina og þeir haldið að hurðin væri læst. Hafi Fannar reynt að banka á hurðina og reynt að segja eitthvað sem ekki hafi virkað neitt þannig að hann hafi hringt í Dodda yfirþjálfara og þeir beðið hann að koma. Þeir hafi heyrt hljóð og einhver öskur úr herberginu og hljóð sláhljóð eins og vitnið orðaði það. Spurður um orðaskil sagðist vitnið hafa heyrt rifrildi og „stop hurting me“ og hafi brotþoli sagt það. Þegar hún hafi komið út hafi hún grúft sig niður og vitnið ekki séð framan í hana. Ákærði hafi komið fram og verið með sprungna vör og kúlu á enninu. Ákærði hafi sagt að þetta væri ósköp venjulegt þetta hefði bara verið rifrildi.

*Vitnið Zlatko Krickic* sagði að þeir hefðu verið við vörutalningu í Krónunni. Þegar þeir hafi komið til baka hafi þeir heyrt læti uppi og þeir stoppað eitthvað og verið að þæla í því hvort þeir ættu að hringja í lögguna. Svo hafi þeir farið upp, en það hafi sést svona skuggi af því að það var ljós inni. Þá hafi vitnið séð þau rífast og vera mjög nálægt hvort öðru. Þá hafi strákarnir verið farnir upp og vitnið farið ég á eftir þeim. Þegar hann hafi komið upp hafi þeir staðið í anddyrinu þarna en hurð á milli verið lokuð. Þau hafi greinilega verið farin inn í herbergi og verið að rífast þar. Þeir hafi ekkert vitað hvað þeir ættu að gera þannig að þeir hafi eitthvað verið að banka og segja þeim að hætta þessu og svo hafi þeir á endanum hringt í Dodda. En þá hafi mjög mikil læti verið inni í herberginu. Hann hafi heyrt öskur og þau hafi bæði verið að öskra. Þá hafi heyrst hljóð eins og þegar höndum er klappað saman eða eins og einhver væri að slá annan utan undir. Hann hafi bara heyrt öskur í brotþola en ekki skilið orðaskil hjá ákærða. Hann kvaðst ekki hafa séð vel framan í brotþola. Hann hafi ekki séð áverka en heyrt daginn eftir að hún væri greinilega mikið meidd. Ákærði hafi verið með sprungna vör og kúlu á hausnum.

*Vitnið Njáll Víkar Smáráson læknir* mundi eftir komu brotþola árla morguns 22. maí 2011. Hún hafi verið í talsverðu uppnámi. Hann staðfesti áverkavottorð og sagði aðspurður um verknaðarlýsingu í ákæru að hún gæti passað. Spurður um hvort áverki á kinn brotþola gæti stafað af hnefahöggi sagði vitnið að það væri frekar staðbundið og engir áverkar aðrir í kring eins og ef hún hefði dottið eða eitthvað slíkt. Þannig kvaðst hann halda að það væri mjög líklega eftir hnefahögg. Þá gæti áverki á hné og tognun stafað af falli í götuna. Aðspurður um hvort áverki á andliti gæti stafað af því að einhver rækist harkalega á brotþola sagði vitnið það hæpið ef hann færi í hana með öxl. En ef hann hefði dottið með hnefann á hana eða skallað hana undir kjálkann þá gæti það gengið en ekki af öxl.

*Vitnið Þórður Þórðarson* sagði að vitnið Fannar Freyr hafi hringt í sig um hálf eitt eða eitt að nóttu til og sagt að ákærði og brotþoli væru að slást inni í herbergi. Fannar hafi sagt að þeir þyrðu ekki að fara inn í herbergi og skilja þau að. Vitnið fór á staðinn og beint inn í íbúðina og spurði strákana hvar þau væru og fór beint inn í herbergið þar sem þau voru. Þá hafi þau staðið í sitthvoru horninu í herberginu og rifist. Hann hafi sagt ákærða að koma sér strax út úr herberginu og fram í stofu og síðan hafi hann sagt brotþola að hún skyldi klæða sig í úlpuna vitnið ók henni heim. Hann sagði að það hafi blætt úr vörinni á ákærða og svo hafi hann verið með stóra kúlu á enninu. Brotþoli hafi verið með bólgna vör Ekki hafi brotþoli sagt vitninu ítarlega hvað hefði gerst.

*Vitnið Helgi Pétur Ottesen lögreglumadur* sagði um atvik 22. maí 2011 að hann hefði fengið tilkynningu um að fara að Jaðarsbraut 33 út af stúlku sem hefði orðið fyrir líkamsárás fyrr um nóttina. Þeir hafi farið þangað og rætt við foreldra hennar og þar hafi brotþoli setið í stól. Henni hafi verið mikið niðri fyrir, grátandi og í miklu uppnámi. Hún hafi sagst hafa verið á Breiðinni ásamt vinum sínum fyrr um nóttina. Þar hefði fyrrverandi eða núverandi kærasti hennar ráðist á sig. Hann hefði ráðist á sig með því að slá sig hnefahöggi í andlitið á meðan hún hafi setið uppi á billjardborði og það hefði verið fast högg. Hún sagðist skömmu síðar hafa reynt að fara út af Breiðinni og hann hefði elt sig út og út á götu og hrint sér í götuna og gert það ítrekað. Rifið í hárið á sér og hrint sér í götuna þangað til að hann hafi verið stoppaður af. Þá sagðist hún hafa farið heim til sín. Hún hafi ekki verið blóðug eða neitt svoleiðis en verið töluvert rauð í andliti og kvartað undan verkjum í fótleggjum og greinilega liðið mjög illa yfir þessu öllu saman.

Þá staðfesti vitnið skýrslu sína um kæru brotþola vegna atvika 30. október sl.

Um I.

Af hálfu ákæruvaldsins er fallið frá þeirri verknaðarlýsingu í I. lið ákæru að ákærði hafi rifið í hár brotþola fyrir utan skemmtistaðinn Breiðina 22. maí 2011.

Vitnið Þórdís Þöll hefur borið að ákærði hafi slegið brotþola í andlitið með krepptum hnefa á skemmtistaðnum Breiðinni en vitnið stóð við hlið brotþola. Þá kom fram hjá vitninu Njáli Vikari Smárasyni lækni að högg hafi valdið áverka á andliti brotþola og ekki líklegt að hann stafaði af því að einhver hefði rekist á hana. Þá hefur brotþoli sjálf verið trúverðug og staðföst í lýsingu sinni á atvikum. Loks er til þess að líta að vitnið Rögnvaldur Geir Hannah bar að ákærði hafi veist að þeim brotþola þar sem þau voru á tali. Enda þótt hann hafi ekki séð ákærða greiða brotþola hnefahögg dregur framburður hans ekki úr vægi framburðar ofangreindra vitna um atlögu ákærða að brotþola. Framburður vitnisins Eggerts Kára Karlssonar sem kvaðst hafa séð atvik út undan sér þykir ekki hnekkja því sem

fram kemur hjá öðrum vitnum og brotþola sjálfri um að ákærði hafi greitt henni högg í andlit umrætt sinn.

Þá kemur fram hjá vitnunum Þórdísi Þöll Gísladóttur, Eggerti Kára Kárasyni, Gísla Þór Gíslasyni og Halldóri Bjarka Ólafssyni að ákærði elti brotþola út af skemmtistaðnum og henti henni í götuna og ýtti henni ítrekað niður enda er þetta viðurkennt af honum sjálfum.

Samkvæmt öllu framansögðu þykir hafið yfir allan vafa að ákærði hafi gerst sekur um brot þau sem honum eru gefin í sök í fyrsta lið ákæru að því undanskildu að hafa rífið í hár brotþola og eru brot hans réttilega heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

Um II.

Ákærði sagði í skýrslu sinni fyrir dómi að hugsanlegt væri að hann hefði rífið í hár brotþola er þau stóðu upp úr sófanum áður en þau fóru inn í herbergi. Hann sagði að hann hefði ýtt brotþola inn í herbergið eftir að þau hefðu staðið upp og einnig að hann hefði sest ofan á hana og beðið hana að róa sig niður. Jafnframt kom fram í skýrslu hans að hann hafi tekið fyrir munn henni í eitt skipti vegna þess að hún hafi verið að æpa. Af þessu verður ekki annað ráðið en að ákærði hafi neytt aflsmunar í skiptum sínum við brotþola umrætt sinn og að hann hafi átt frumkvæði að því að átök urðu með þeim. Þá þykir mega leggja frásögn brotþola um áverka þá er hún hlaut í viðureign þeirra ákærða til grundvallar hér en hún hefur verið stöðug og er studd framburði móður hennar og stjúpöður. Þá er ljóst af framburði vitnanna Páls Sindra Einarssonar, Teits Péturssonar, Fannars Freys Gíslasonar og Zlarko Kirckic að mikil átök voru með brotþola og ákærða. Kom fram hjá vitnunum að þeir hefðu heyrt hljóð úr herberginu líkt og lófum væri slegið saman og þykir það styðja þá frásögn brotþola að ákærði hafi greitt henni högg. Þá sögðu vitnin Fannar Freyr og Teitur að brotþoli hafi beðið ákærða um að hætta. Þegar litið er til þessa alls þykir sýnt fram á að ákærði hafi rífið í hár brotþola sest ofan á hana, slegið hana utan undir, tekið um munn hennar og nef með þeim afleiðingum hún átti erfitt með andardrátt en þegar litið er til lýsingar ákærða og brotþola á atvikum að því að þau skölluðust á eins og brotþoli orðaði það þykir ekki vera komin fram sönnun um að ákærði hafi skallað brotþola viljandi.

Samkvæmt öllu framansögðu þykir hafið yfir vafa að ákærði hafi gerst sekur um líkamsárás eins og honum er gefið í sök í öðrum lið ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði var dæmdur til 4 mánaða fangelsisvistar hinn 2. apríl sl. fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga. Fyrir þann dóm hafði hann ekki sætt refsingu svo kunnugt sé. Verður honum nú dæmdur hegningarauki við fyrrgreindan dóm sem þykir hæfilega ákveðinn fangelsi í 45 daga en rétt þykir að fresta fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að þremur árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, með síðari breytingum.

Loks verður ákærða með vísan til 1. mgr. 218. gr. laga nr. 88/2008 gert að greiða sakarkostnað samkvæmt yfirliti ákærvalds og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Arnars Þórs Stefánssonar hrl. 250.000 krónur auk ferðakostnaðar að fjárhæð 52.380 krónur.

## D Ó M S O R Ð

Ákærði, Mark Doninger sæti fangelsi í 45 daga en fresta skal fullnustu refsingar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði 147.197 krónur í sakarkostnað og 250.000 krónur í málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns Arnars Þórs Stefánssonar hæstaréttarlögmans auk 52.380 króna í ferðakostnað verjanda.

Allan V. Magnússon